

Skýrsla Húsnefndar 2023

Verksvið Húsnefndar er að annast rekstur íþróttamannvirkja félagsins í samráði við félagsstjórn. Húsnefnd hélt 2 fundi á starfsárinu.

Sl. haust urðu þau tíðindi að Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri til áratuga, lét af störfum að eigin ósk. Fyrir mig var þetta sjokk. Þórður hefur frá upphafi verið vakinn og sofinn yfir starfi félagsins og rekstri hússins. Mér hefur fundist hann alveg ómissandi. Gleymum því ekki að húsið er í toppstandi. Viðhaldi hefur verið mjög vel sinnt og reksturinn alla tíð réttu megin við núllið.

Kærar þakkir Þórður fyrir þitt fórnfúsa starf.

En sem betur fer tókst okkur að ráða í starfið mann sem er líka með hjartað á réttum stað og er vel þekktur innan félagsins, hann Ingólf Arnarson.

Rekstur íþróttahússins var annars með hefðbundnu sniði síðast liðinn vetur og nýting á húsinu var mjög góð.

HL-Stöðin er sem fyrr okkar stærsti leigjandi. Aðrir helstu leigjendur eru Lauganesskóli, Hringsjá, Waldorfskólinn og Fjölmennt. Þá er jafna mikil aðsókn í lausa tíma á kvöldin og um helgar. Félagið sjálft nýtir ca. fjórðung æfingatíma í húsinu. Má segja að salurinn sé fullnýttur frá því kl 8:30 að morgni til kl 10:00 að kvöldi alla virka daga. Og þreksalurinn er einnig vel nýttur.

Veturinn var annars tíðindalítill en veður settu svip sinn á starfið. Þannig varð lítið úr hinni hefðbundnu skötuveislu vegna ófærðar.

Helstu viðhaldsverkefni ársins voru:

- Nýr tjörupappi á þak yfir búningsklefum
- Lýsing í sal var endurnýjuð
- Lampar í ljósastaurum yfir bílastæði og framan við bílskúr voru endurnýjaðir.
- Svæðið við austurenda hússins var hellulagt

Við erum enn að bíða eftir viðhaldsstyrk frá borgaryfirvöldum vegna þessara framkvæmda.

Fastir starfsmenn íþróttahússins voru sl. vetur þau Heiðar Sigurjónsson, Þröstur Steinþórsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Brynjar Þór Arnarson. Þá sinnti Jón Örn Ingólfsson afleysingum.

Vil ég fyrir hönd húsnefndar og félagsstjórnar þakka þeim fyrir vel unnin störf.

Í húsnefnd sátu Guðmundur Pétursson, Ísleifur Bergsteinsson, Jón Þorgeir og Jón M. Árnason. Varamenn voru þau Jóna B.H. Jónsdóttir, Reynir Kristófersson og Garðar Hallgrímsson.

Varamenn eru boðaðir á fundi Húsnefndar. Þá sitja formaður félagsins og framkvæmdastjóri einnig fundi Húsnefndar.

Ég vil þakka þessu fólki öllu ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Fh. Húsnefndar ÍFR

Óskar Elvar Guðjónsson formaður